


# Stoðir atvinnu & mannlífs í Langanesbyggð



## Áherslur

Framtíð Langanesbyggðar ræðst ekki af einstökum ákvörðunum, heldur af því hvort tekst að færa stefnu yfir í framkvæmd. Til þess þarf stuðning stjórnvalda, virka forystu sveitarfélagsins og ábyrgð og frumkvæði einkaaðila.

Á næstu árum skiptir mestu að horfa ekki á Langanesbyggð sem jaðarsvæði með varanlegum takmörkunum, heldur sem svæði með skýra möguleika - að því gefnu að allar grunnforsendur séu tryggðar og ákvarðanir teknar í tíma.

Til að tryggja blómlega atvinnuþróun er mikilvægt að ráðast í markvissar aðgerðir sem styðja við stoðir atvinnu og mannlífs, meðal annars með því að:



- 1. Forgangsraða uppbyggingu raforkuinnviða og afhendingaröryggis til að skapa svigrúm fyrir nýja atvinnustarfsemi.**
- 2. Fylgja eftir stefnu sveitarfélagsins um uppbyggingu við Finnafljótið með skýrum áföngum, virku samráði og markvissri fjárfestingaöflun.**
- 3. Styrkja hafnir og aðra lykilinnviði sjávarútvegs með hliðsjón af bæði stórútgerð og smærri útgerðarformum.**
- 4. Styðja við hagræðingu, nýliðun og fjölbreytni í landbúnaði í samstarfi við ríki og bændur.**
- 5. Efla ferðapjónustu með áherslu á innviði, vöruþróun og markaðssókn sem byggir á sérstöðu svæðisins.**

# Efnisyfirlit

1	<b>INNGANGUR</b> .....	4
2	<b>SAMFÉLAG OG VINNUMARKAÐUR</b> .....	5
	2.1 Lýðfræðileg þróun.....	5
	2.2 Mannfjöldaspá.....	6
	2.3 Atvinna og tekjur íbúa.....	6
3	<b>FIMM STOÐIR ATVINNU</b> .....	8
	3.1 Orkuíðnaður.....	9
	3.1.1 Hlutverk stjórnvalda.....	10
	3.1.2 Hlutverk sveitarfélags.....	12
	3.1.3 Hlutverk fyrirtækja og fjárfesta.....	12
	3.2 Finnafjörður.....	13
	3.2.1 Hlutverk stjórnvalda.....	15
	3.2.2 Hlutverk sveitarfélags.....	15
	3.2.3 Hlutverk fyrirtækja og fjárfesta.....	17
	3.3 Sjávarútvegur.....	17
	3.3.1 Hlutverk stjórnvalda.....	18
	3.3.2 Hlutverk sveitarfélags.....	19
	3.3.3 Hlutverk fyrirtækja og fjárfesta.....	19
	3.4 Landbúnaður.....	20
	3.4.1 Hlutverk stjórnvalda.....	21
	3.4.2 Hlutverk sveitarfélags.....	22
	3.4.3 Hlutverk fyrirtækja og fjárfesta.....	22
	3.5 Ferðaþjónusta.....	22
	3.5.1 Hlutverk stjórnvalda.....	24
	3.5.2 Hlutverk sveitarfélags.....	24
	3.5.3 Hlutverk fyrirtækja og fjárfesta.....	24
4	<b>INNVÍÐIR - GRUNNSTOÐIR MANNLÍFS</b> .....	25
	4.1 Raforkuinnviðir.....	25
	4.2 Húshitun.....	26
	4.3 Fjarskipti.....	27
	4.4 Hafnir og flug.....	27
	4.5 Húsnæðismál.....	31
5	<b>LOKAORÐ</b> .....	32

## Myndaskrá:

<b>Mynd 1.</b> Úr matsáætlun vegna fyrirhugaðrar virkjunar á Brekknaheiði og Sauðaneshálsi.....	9
<b>Mynd 2.</b> Finnafjarðarhöfn og nærliggjandi athafnasvæði samkvæmt deiliskipulagslýsingu sem unnin var af Eflu.....	14
<b>Mynd 3.</b> Jóhann Páll Jóhannsson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, kynnti í dag aðgerðir til að auka afhendingargetu og afhendingaröryggi raforku á Norðausturlandi. Mynd: Stjórnarráðið.....	25
<b>Mynd 4.</b> Nýtt deiliskipulag fyrir hafnarsvæðið á Þórshöfn.....	30
<b>Mynd 5.</b> Við árslok 2025 auglýsti Brák íbúða-félag íbúðir lausar til leigu á Þórshöfn. Mynd: Brák, íbúðarfélag.....	31

## Töfluskrá:

<b>Tafla 1.</b> Íbúápróun (%) árin 2000-2025. Tölur frá 1. janúar ár hvert, miðað við sveitarfélagaskipan 1. janúar 2025. Töflur 1-6 byggja á tölum frá Hagstofu Íslands.....	5
<b>Tafla 2.</b> Myndin undirstrikar langvarandi sveiflur í Langanesbyggð samanborið við stöðugri þróun í stærri þéttbýliskjörnum.....	5
<b>Tafla 3.</b> Aldurs- og kynjaskipting íbúa Langanesbyggðar þann 1. janúar 2025.....	6
<b>Tafla 4.</b> Stærstu atvinnugreinarnar í Langanesbyggð árið 2024.....	6
<b>Tafla 5.</b> Kynjaskipting fólks innan hvernar atvinnugreinar.....	5
<b>Tafla 6.</b> Skipting fólks eftir bakgrunni.....	8
<b>Tafla 7.</b> Strandveiðar, samanburður á tveimur tímabilum.....	18
<b>Tafla 8.</b> Gistinætur í Langanesbyggð eftir mánuðum, árið 2024.....	22
<b>Tafla 9.</b> Umfangsmestu löndunarhafnir landsins 2016-25.....	28
<b>Tafla 10.</b> Umfangsmestu löndunarhafnir landsins 2025.....	28
<b>Tafla 11.</b> Umfang landana í Þórshöfn 2016-2025, ásamt samanburði (stigröðun).....	29

Gefið út mars 2026 á Akureyri.

Höfundur: Gunnar Már Gunnarsson | SSNE | gunnar@ssne.is

Ljósmyndir: Markaðsstofa Norðurlands og SSNE

Umbrot & hönnun: Guðrún Hilmið | gudrun@liparit.is

# 1. Inngangur

Langanesbyggð hefur sett sér það markmið að byggja upp fjölbreytt og öflugt samfélag þar sem atvinnulíf, innviðir og mannlíf styrkja hvert annað til lengri tíma. Í þeirri vegferð hefur sveitarfélagið á undanförunum misserum lagt sérstaka áherslu á að efla grunnstoðir samfélagsins, bæði með eigin verkefnum og í samstarfi við ríkið og landshlutasamtök. Þar má nefna þátttöku í byggðaþróunarverkefninu Brothættar byggðir og samning við Innviðaráðuneytið um verkefnið Innviðauppbýgging í Langanesbyggð, sem SSNE hefur annast framkvæmd á.

Tilgangur skýrslunnar er að leggja fram staðbundna stöðugreiningu sem dregur fram stöðu samfélagsins, helstu áskoranir og raunhæf tækifæri næstu ára. Sérstök áhersla er lögð á stoðir atvinnulífsins og hvernig innviðir, mannfjöldapróun og byggðamynstur móta möguleika sveitarfélagsins til að skapa fjölbreytt og sjálfbært atvinnulíf.

Skýrslan fjallar jafnframt um hlutverk ríkis, sveitarfélags og einkaaðila í þeirri þróun sem fram undan er. Niðurstaða skýrslunnar er að skýr markmið, samhæfð forgangsröðun og samstillt framkvæmd séu forsenda þess að styrkja byggðafestu. Á síðustu áratugum hefur íbúum fækkað, og sveiflur eða áföll í atvinnulífi geta haft varanleg áhrif á samfélagið. Með fjölbreyttara atvinnulífi, auknu framboði vel launaðra starfa og markvissri innviðauppbýggingu má styrkja efnahagslegan grunn sveitarfélagsins og bæta samkeppnishæfni þess um íbúa – sérstaklega ungt fólk.

## Atvinnustefna Langanesbyggðar 2026-2030<sup>1</sup>

**„Langanesbyggð hefur það að markmiði að verða öflugt og eftirsóknarvert samfélag þar sem nýsköpun, náttúra, fjölbreytt atvinnustarfsemi og skemmtilegt mannlíf mætast.**

**Ónýtt tækifæri leynast víða, svo sem í landbúnaði, ferðaþjónustu, menningu og orkumálum.“**


## 2. Samfélag og vinnumarkaður

Langanesbyggð er sveitarfélag á Norðausturhorninu sem nær yfir Pistilfjörð, Þórshöfn og Bakkafjörð. Sveitarfélagið varð til við sameiningu Þórshafnarhrepps og Skeggjastaðahrepps árið 2006 og stækkaði þegar íbúar Svalbarðshrepps samþykktu sameiningu árið 2022. Nágrannasveitarfélög eru Norðurþing til norðurs og vesturs og Vopnafjarðarhreppur til austurs. Þrátt fyrir að Vopnafjarðarhreppur tilheyri öðrum landshluta er töluvert samstarf og samgangur á milli sveitarfélaganna.


### 2.1 Lýðfræðileg þróun

Þann 1. janúar 2025 bjuggu 560 manns í Langanesbyggð, þar af 358 á Þórshöfn. Frá 2000 til 2025 hefur íbúum fækkað um 162 (22%), þó með töluverðum sveiflum milli ára og einstökum árum þar sem fjölgun mælist. Íbúum Norðurþings hefur fækkað á sama tímabili um 276 (8%). Þegar horft er til þéttbýliskjarna má þó sjá ólíka þróun: íbúum Húsavíkur hefur fjölgað lítillega (+52) en íbúum Þórshöfn fækkað (-54).

Íbúaþróun á Norðurlandi eystra í heild er stöðugri og heyrir til undantekninga að fækki milli ára. Íbúum landshlutans hefur fjölgað samtals um 3.944 á þessu tímabili eða 14%, en langstærsti þéttbýlisstaðurinn vegur þar þungt. Íbúum Akureyrar hefur á þessu tímabili fjölgað um 4.737 eða 31%.




Tafla 1. Íbúaþróun (%) árin 2000-2025. Tölur frá 1. janúar ár hvert, miðað við sveitarfélagaskipan 1. janúar 2025. Tölur 1-6 byggja á tölum frá Hagstofu Íslands.



Tafla 2. Myndin undirstrikar langvarandi sveiflur í Langanesbyggð samanborið við stöðugri þróun í stærri þéttbýliskjörnum.

Kynjahlutfall í Langanesbyggð er 55,4% karlar og 44,6% konur. Meðalaldur íbúa er 41 ár og er hærri en landsmeðaltal. Hlutfall íbúa á vinnualdri (16-74 ára) er 77% samanborið við 74% á landsvísu. Íbúar með erlent ríkisfang voru 18,1% þann 1. janúar 2024 og meðalaldur þeirra um 32 ár. Þessi hópur er lykilþáttur í mönnum starfa og styður við atvinnulíf sem ella ætti erfiðara með að manna stöður.



## 2.2 Mannfjöldaspá

Byggðastofnun birti árið 2023 mannfjöldalíkan fyrir Ísland.<sup>2</sup> Í stuttu máli dregur líkanið upp áframhaldandi fjölgun á höfuðborgarsvæðinu á kostnað margra landsbyggða, einkum vegna búferlafutninga ungs fólks um tvítugt, þar sem konur eru í meirihluta. Afleiðingin er fækkun í yngri árgöngum og færri barnsfæðingar síðar meir. Langanesbyggð fellur að þessu mynstri. Samkvæmt miðspá má vænta lítillgrar fjölgunar næstu ár, en síðan hægfara fækkunar upp úr 2030.

2. Þetta mannfjöldalíkan er slembilíkan og dregur saman spár um frjósemi, dánartíðni og heildarbúferlafutninga innan- og utanlands fyrir bæði kyn. Sjá [Mannfjöldaspá Byggðastofnunar 2023-2074](#) á vef stofnunarinnar.

## 2.3 Atvinna og tekjur íbúa

Samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands voru 333 manns starfandi í Langanesbyggð árið 2024. Á tímabilinu 2015-2024 hefur starfandi einstaklingum fjölgað um 5%, þó með sveiflum milli ára.<sup>3</sup>

Stærstu atvinnugreinarnar eru sjávarútvegur og opinber þjónusta (opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta). Um 66% starfandi fólks er í þessum tveimur greinum. Aðrar greinar eru smærri, en ferðaþjónustutengdar greinar (einkennandi greinar ferðaþjónustu og rekstur gististaða og veitingarekstur) nema samtals um 9%.

Atvinnugreinarnar tvær eru jafnframt kynskiptar: konur eru í meirihluta í opinberri þjónustu og karlar í sjávarútvegi. Þegar horft er til uppruna er hlutfall innflytjenda í sjávarútvegi áberandi hátt; árið 2024 störfuðu 63% innflytjenda í Langanesbyggð í sjávarútvegi. Næst flestir voru í opinberri þjónustu (12%) og síðan í byggingarstarfsemi (8%).

### Helstu atvinnugreinar

Sjávarútvegur	34%
Opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta	32%
Landbúnaður og skógrækt	8%
Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum	6%
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	6%
Einkennandi greinar ferðaþjónustu	5%
Rekstur gististaða og veitingarekstur	4%
Veitustarfsemi	2%
Ýmis sérhæfð þjónusta	2%

Tafla 4. Stærstu atvinnugreinarnar í Langanesbyggð árið 2024.

3. Heildartölur allra vinnandi einstaklinga, óháð aldri, með þeirri undantekningu að ef einstaklingar eru færri en 5 í reit þá eru þeir fjarlægðir vegna persónuverndar. Hér talið eftir atvinnugreinum og ekki einungis miðað við aðalstarf einstaklinga eins og stundum er gert. Sami einstaklingur getur því verið í fleiri en einni atvinnugrein. Fjöldinn byggir á einstaklingum sem áttu lögheimili í Langanesbyggð á viðmiðunarárinu.

Tekjur á íbúa í Langanesbyggð voru 6.234 þús. kr. árið 2023, samanborið við 6.621 þús. kr. á Norðurlandi eystra. Þingeyjarsýslur flokkast sem sérstakt tekjувæði í skýrslu Byggðastofnunar; tekjur í Þingeyjarsýslum voru að meðaltali 6.484 þús. kr., eða um 4% hærri en í Langanesbyggð.<sup>4</sup>


Atvinnuleysi mælist almennt lágt, en er sveiflukennt og tengist m.a. umfangi fiskveiða.<sup>5</sup> Loðnubrestur, þegar hann verður, hefur áhrif á atvinnu, rekstur fyrirtækja og tekjur sveitarfélags.<sup>6</sup> Þó eru ýmsir þættir á mótum sem geta mildað þau áhrif. Langstærsti vinnuveitandinn í sjávarútvegið, Ísfélagið, starfrækir ekki aðeins fiskimjölsverksmiðju heldur einnig öflugt frystihús þar sem unninn er bæði bolfiskur og uppsjávarfiskur. Þessi fjölbreytni styður við seiglu félagsins og þar með samfélagsins.

Samanlögð ársverk í frystihúsinu og í verksmiðjunni eru um 90, en í góðum vertíðum treystir félagið nokkuð á farandverkafólk og skapar það aukinn sveigjanleika sömuleiðis.


4. Tekjur einstaklinga skiptast í atvinnutekjur, lífeyrisgreiðslur, fjármagnstekjur, bætur frá Tryggingastofnun og Sjúkratryggingum, atvinnuleysisgreiðslur, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og aðrar staðgreiðsluskýldar greiðslur. Verðlag ársins 2023. Íbúar Langanesbyggðar tilheyra Þingeyjarsýslum, sem flokkast sem sérstakt tekjувæði í skýrslu Byggðastofnunar. Gögn fengin úr mælaborði Byggðastofnunar.

5. Samkvæmt gögnum frá Vinnuálagstofnun mældist atvinnuleysi mest í desember á árinu 2024, og þar af hafði langstærstur hluti atvinnulausra unnið við fiskvinnslu. Hlutfall atvinnulausra í janúar, miðað við fjölda íbúa á vinnualdri sem voru starfandi árið 2024, var um 5,4%. Minnst var atvinnuleysi í ágúst og október, eða 3,6%.

6. Árin 2019, 2020, 2024 og 2025 var engum veiðiheimildum úthlutað á loðnu.



Tafla 5. Kynjaskipting fólks innan hvernar atvinnugreinar.



Tafla 6. Skipting fólks eftir bakgrunni.

## 3. Fimm stoðir atvinnu

Til að snúa við neikvæðri mannfjöldaþróun og skapa forsendur fyrir fjölgun starfa þarf að byggja á þeim styrkleikum sem Langanesbyggð býr nú þegar yfir. Atvinnuuppbygging á svæðinu ræðst af samspili orku, innviða, staðsetningar og náttúruauðlinda. Í þessum kafla eru greindar fimm meginstoðir atvinnulífsins sem hafa raunhæfa burði til að styrkja byggðafestu og efnahagsgrunn sveitarfélagsins til lengri tíma.

Stoðirnar eru ólíkar að eðli og umfangi, en eiga það sameiginlegt að:

- Byggja á staðbundnum gæðum.
- Eru háðar virkri aðkomu ríkisins að innviðum og regluverki.
- Geta saman aukið seiglu samfélagsins.

### 3.1 Orkuiðnaður

Orkuiðnaður er ein mikilvægasta framtíðarstoð atvinnulífs í Langanesbyggð. Sveitarfélagið býr yfir verulegum og að stórum hluta ónýttum möguleikum til orkuframleiðslu, einkum í vindorku og smærri vatnsaflsvirkjunum. Þróun á þessum sviðum fellur vel að markmiðum stjórnvalda um orkuskipti, orkuöryggi og kolefnishlutleysi.

Smærri vatnsaflsvirkjanir hafa lengi verið til skoðunar í Langanesbyggð. Þrír kostir hafa verið taldir álitlegastir: Tunguá, Sandá og Hafralónsá.<sup>7</sup> Á síðustu misserum hefur undirbúningur hafist að virkjun í Staðará í Bakkafirði, með uppsett afl 0,99 MW og áætlaða árlega framleiðslu um 6,1 GWh. Slíkar virkjanir geta:

- Styrkt orkuöryggi.
- Bætt afhendingaröryggi í dreifikerfi.
- Skapað grunn fyrir frekari atvinnuuppbyggingu sem krefst stöðugs raforkuframboðs.

Vindorka er sú orkuuppspretta sem hefur mesta möguleika til að breyta forsendum atvinnuuppbyggingar í Langanesbyggð. Aðstæður eru hagstæðar: víðáttumikil svæði, fjarri þéttbýli, gott vindafar og takmörkuð samkeppni við aðra landnotkun.


Í fjórða áfanga rammaáætlunar voru lagðir fram sex mögulegir vindorkukostir á svæðinu. Þýska orkufyrirtækið wpd hefur hafið formlegt leyfisferli vegna allt að 532,8 MW vindorkuvirkjunar á Brekknaheiði og Sauðaneshálsi.<sup>8</sup> Verkefnið er sambærilegt að umfangi við stærri virkjanir landsins og gæti, fari það í framkvæmd:

- Skapað 70–80 störf á framkvæmdatíma.
- Tryggt varanleg störf við rekstur og viðhald.
- Lagt grunn að frekari atvinnuuppbyggingu sem krefst mikillar raforku, m.a. í tengslum við Finna fjörð.

Auk þessa er til skoðunar tilraunaverkefni með tvær vindmyllur (allt að 9,9 MW) sem gæti farið í framkvæmd fyrr og nýst til rannsóknar og gagnasöfnunar.

7. Sjá skýrsluna [Smávirkanir í Þingeyjarsýslum](#), unnin af verkfræðistofunni Eflu fyrir Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga (2018).

8. Verkefnaþróun á vegum wpd fyrir virkjanahugmyndirnar Brekknaheiði og Sauðanesháls hefur staðið yfir frá árinu 2022 en síðan þá hefur verkefnið verið í eigu wpd. Áður var það í eigu EFLU. Upplýsingar um verkefnið fengnar úr [matsáætlun](#) wpd vegna verkefnisins, en hún er aðgengileg í Skipulagsgátt.



### Sauðanesháls og Brekkaheiði - Yfirlitskort

Ath. tillaga er hóð niðurstöðum umhverfismats

#### Langanesbyggð

wpd wind Iceland North ehf.  
Bæjarhraun 22  
220 Hafnarfjörður  
Ísland



Skali: 1:100000  
Dagsetning: 03.12.2025

#### Skýring

- Vindtúrbínur - Brekkaheiði\*
- Vindtúrbínur - Sauðanesháls\*
- Rannsóknarsvæði
- Mannvirki
- Vegur
- Malarvegur
- Hindrunarsvæði flugvallar
- Þéttbýli
- ▨ Vatnsverndarsvæði

\*Kortið sýnir forhönnun vindorkuvirkjunnar. Staðsetning vindtúrbína gæti breyst.



Hnitakerfi:  
ISN2016 / Lambert 2016, EPSG:8088

Mynd 1. Úr matsáætlun vegna fyrirhugaðrar virkjunar á Brekkaheiði og Sauðaneshálsi.

### 3.1.1 Hlutverk stjórnvalda

Hlutverk stjórnvalda snýr fyrst og fremst að því að **skapa ramma, tryggja innviði og gæta að jafnvægi milli nýtingar og verndar**.<sup>9</sup> Alþingi samþykkir verndar- og orkunýtingaráætlun (Rammaáætlun) sem flokkar stærri virkjanakosti í nýtingar-, bið- eða verndarflokk. Gildandi lög um rammaáætlun voru sett þegar vatnsafl og jarðvarmi voru meginorkukostirnir hér á landi og taka því ekki nægilegt tillit til sérstöðu vindorku, sem hefur hamlað þróun vindorkuvera. Unnið er að lagabreytingum og hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra kynnt drög að frumvarpi þar sem m.a. er lagt til að skapa skýran lagaramma um meðferð vindorkuverkefna. Með skýrari lagaramma aukast möguleikar sveitarfélaga til að efla orkuframleiðslu á eigin svæði.

Uppbygging orkuiðnaðar getur verið öflugt tæki til byggðapróunar. Fyrir sveitarfélög eins og Langanesbyggð, þar sem aðgengi að aukinni raforku hefur verið mjög takmarkað, þá getur vindorkan skipt sköpum fyrir atvinnulíf, byggðafestu og tekjuöflun sveitarfélagsins. Stjórnvöld ættu að forgangsraða vindorkuverkefnum sem styrkja sérstaklega jaðarsvæði og innviði þar sem innviðaskuld er mest. Með öðrum orðum þarf að tryggja að ákvarðanatáka um flokkun vindorkukosta í rammaáætlun taki fullt mið af byggða- og atvinnuþróun á jaðarsvæðum landsins.

Vindorka er ný stoð í orkubúskap landsins og þekking innan sveitarfélaga er enn í mótun. Mikilvægt er að ráðuneyti orkumála og undirstofnanir þess veiti góðan stuðning og ráðgjöf, þannig að sveitarfélög geti tekið virkan þátt í þróun vindorkukosta á eigin forsendum og með hagsmuni heimamanna að leiðarljósi.



Aðkoma ýmissa stofnana stjórnvalda að leyfisferlinu er annars eftirfarandi:

- Á undirbúningsstigi fer framkvæmdin í gegnum umhverfismat á grundvelli laga nr. 106/2000.
- Skipulagsstofnun leiðbeinir sveitarfélögum við skipulagsgerð og staðfestir aðal- og svæðisskipulag.
- Ýmsar opinberar stofnanir veita umsagnir um skipulagstillöguna s.s. Umhverfisstofnun um náttúruvernd og mengunarmál og Minjastofnun Íslands um fornleifar og húsvernd.
- Orkustofnun veitir hið eiginlega leyfi, svokallað virkjunarleyfi, til að reisa og reka vindorkuver skv. 4. gr. raforkulaga nr. 65/2003.

9. Fjallað verður um innviði í sérstökum kafla.

# Orkuframleiðsla í Langanesbyggð sett í samhengi við stefnur stjórnvalda

## Orkustefna til ársins 2050: Sjálfbær orkufram tíð



Í stefnunni er sett fram tillaga að langtímaorkustefnu fyrir Ísland til ársins 2050. Fjallað er um orkuöryggi, orkuskipti, orkunýtni og orkusparnað m.t.t. umhverfis, samfélags og efnahags.

## Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum í ljósi loftslagsvár



Ísland hefur sett sér markmið í loftslagsmálum og í júní 2024 var kynnt ný og uppfærð aðgerðaáætlun í loftslagsmálum með 150 aðgerðum.

Til að ná tilsettum árangri í loftslagsmálum hafa íslensk stjórnvöld skuldbundið sig til að ná að lágmarki 55% samdrætti í heildarlosun gróðurhúsalofttegunda árið 2030 miðað við 1990 í samfloti með Evrópusambandinu og Noregi.

## Stefna um aðlögun að Loftslagsbreytingum



Um er að ræða fyrstu stefnu íslenskra stjórnvalda um aðlögun íslensks samfélags að loftslagsbreytingum. Í stefnunni er sett fram framtíðarsýn stjórnvalda og skilgreind grunngildi og grunnmarkmið stefnunnar.

Einnig eru tilgreind sértækari markmið fyrir ákveðna málaflokka sem og markmið um samhæfingu, vinnulag og eftirfylgni.

## Stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036



Markmið stjórnvalda í byggðamálum samkvæmt lögum um byggðaáætlun og sóknaráætlanir eru að: jafna aðgengi að þjónustu; jafna tækifæri til atvinnu; og stuðla að sjálfbærri þróun byggða um land allt.

### 3.1.2 Hlutverk sveitarfélags

Sveitarfélög fara með **skipulagsvald** innan sinna marka og hafa því afgerandi áhrif á þróun orkuíðnaðar. Langanesbyggð ber ábyrgð á gerð aðalskipulags og deiliskipulags og á að tryggja að nýir virkjunarkostir eða orkuvinnslusvæði séu í samræmi við heildarstefnu sveitarfélagsins um landnotkun, umhverfismál og byggðaþróun.<sup>10</sup> Sveitarfélagið gegnir jafnframt mikilvægu hlutverki **sem tengiliður milli íbúa, landeigenda, framkvæmdaaðila og stjórnvalda**. Í því felst að halda uppi virku og gagnsæju samráði, veita íbúum og hagsmunaaðilum upplýsingar og tryggja að sjónarmið samfélagsins komi fram snemma í ferlinu. Þannig er hægt að byggja upp traust og draga úr ágreiningi sem getur fylgt stórum framkvæmdum.

Að endingu ber sveitarfélaginu að leggja áherslu á þekkingaröflun. Þróun vindorkuvera og annarra nýrra orkukosta krefst þekkingar á sviði umhverfisáhrifa, tæknilausna, skipulags og samráðs. Sveitarstjórn Langanesbyggðar hefur þegar tekið skref í þessa átt með stefnumótandi vinnu, kynnisferðum og með því að birta afstöðu sína til orkumála í stefnumótandi skjali.<sup>11</sup>

### 3.1.3 Hlutverk fyrirtækja og fjárfesta

Eins og fyrr segir þá eru það einkaaðilar sem standa að þróun þeirra orkuverkefna sem til skoðunar eru í Langanesbyggð. Fyrst þarf að ná samkomulagi við landeigendur um afnot og réttindi á framkvæmdasvæðum. Á undirbúningsstigi fer framkvæmd í umhverfismat þar sem skylt er að gera grein fyrir verkefninu, helstu umhverfisáhrifum og mótvægisáðgerðum, m.a. hvað varðar náttúru, landslag, fuglalíf og áhrif á nærliggjandi byggð. Slíkar rannsóknir standa almennt í a.m.k. 2-3 ár.

Þegar um stór vindorkuverkefni er að ræða þá hafa fyrirtæki ýmis verkfæri í verkfærakistu sinni til að tryggja að **nærsamfélagið njóti góðs** af starfseminni, og að samskipti við íbúa séu uppbyggileg. Hér eru nokkur dæmi um markvissar áðgerðir sem hægt er að ráðast í, en listinn er sannarlega ekki tæmandi - hvorki hvað varðar efnisatriði né þau dæmi sem eru gefin:

- **Samráð og gagnsæi:** Markviss, tímasett samráðsáætlun við íbúa, landeigendur, félagasamtök og stofnanir; regluleg birting gagna, og framvindu- og vöktunarskýrsla og framvindu.
- **Atvinna og staðbundin efnahagsleg áhrif:** Svæðisbundnar ráðningar, starfsþjálfun og námssamningar; samstarf við skóla/iðngreinar; þjónustusamningar við staðbundin fyrirtæki.
- **Samfélagslegur ávinningur:** Samfélagssjóður, landleigur og tekjuskipting; innviðaframlög sem gagnast íbúum.
- **Rannsóknir og gögn:** Opnar forsendur vinda-, hljóð- og skuggamælinga; fuglavöktun; ísingar- og kuldataekni.
- **Hönnun og lágmörkun áhrifa:** Landslags- og sjónræn mótvægisúrræði, hljóð- og skuggaefirlit, flug- og ratsjáröryggi.
- **Gæðastjórnun verktaka:** Skýr áfangaskipting, verkþann á viðkvæman varptíma, umferðaráætlun og áfoksvörn; endurheimt raskaðra svæða samhliða framkvæmdum.
- **Rekstur og öryggi:** Heilsu-, öryggis- og neyðaráætlanir; árleg þjónusta og viðhald með heimamönnum; snjallvöktun.
- **Niðurrif og endurnýjun:** Trygging fyrir niðurrifi og frágangi; endurvinnsla íhluta.

<sup>10</sup>. Þess má geta að sveitarfélagið sendi inn umsögn til Skipulagsstofnunar vegna hugsanlegrar vindorkuvirkjunar á Brekknaheiði og Sauðaneshálsi. Í umsögninni er kallað eftir umfangsmeiri rannsóknum en matsáætlunin gerir ráð fyrir, með hliðsjón af stærð framkvæmdarinnar, staðsetningu hennar á opnu heildasvæði og mögulegum langtímaáhrifum. Sjá [bókun sveitarstjórnar](#) þann 29. janúar 2026.

<sup>11</sup>. Sjá nánar í næsta kafla um Finnaþjóð.

## 3.2 Finnafjörður

Finnafjörður er stærsta einstaka þróunarsvæði sveitarfélagsins og eitt af umfangsmestu framtíðarverkefnum á Norðausturlandi. Svæðið er staðsett milli Þórshafnar, Bakkafjarðar og Vopnafjarðar og nýtur þar með nálægðar við byggð, flugvelli og hafnir.

Verði verkefnið að veruleika er ljóst að samfélagsleg áhrif yrðu veruleg. Uppbygging iðnaðar- og hafnarsvæðis myndi skapa grundvöll fyrir fjölgun starfa á ýmsum sviðum og aukna þjónustu fyrir íbúa. Fyrir sveitarfélagið gætu tekjur aukist og tekjustofnar orðið stöðugri, með auknum fasteignagjöldum, útsvari og tekjum vegna veittrar þjónustu.

Finnafjörður býr yfir **einstakri náttúrulegri aðstöðu**:

- Djúpum og víðum firði með miklu dýpi nærri landi.
- Skjólgóðum aðstæðum vegna legu Langaness.
- Takmarkaðri þörf fyrir umfangsmiklar dýpkunaraðgerðir.

Þessi skilyrði skapa forsendur fyrir stórskipahöfn og fjölbreytta atvinnustarfsemi í baklandi hafnarinnar, þar á meðal:

- Iðnað sem krefst hafnaraðstöðu.
- Framleiðslu rafeldsneytis.
- Landeldi.

Árið 2016 skrifuðu stjórnvöld og Bremenports, Langanesbyggð, Vopnafjarðarhreppur og verkfræðistofan EFLA undir samstarfsyfirlýsingu (e. Memorandum of Understanding) vegna uppbyggingar stórskipahafnar í Finnafirði. Þar var kveðið skýrt á um hlutverk, skyldur og aðgerðir sem þessar aðilar voru ábyrgir fyrir. Í kjölfar þessarar samstarfsyfirlýsingar voru tvö félög stofnuð um verkefnið; FFFPA (hafnarsamlag) og FFFPD (þróunarfélag). Í maí 2022 skrifuðu Bremenports, Langanesbyggðar, Vopnafjarðarhrepps og verkfræðistofan EFLA svo undir nýja samstarfsyfirlýsingu (e. Memorandum of Understanding) vegna uppbyggingar í Finnafirði.

Með samkomulaginu færðist rétturinn til að kynna og hagnýta verkefnið frá Bremenports til Þróunarfélags Finnafjarðarhafnar (FFPD). Í kjölfarið var gerður viðaukasamningur á milli Finnafjarðarhafnar (FFPA), Þróunarfélags Finnafjarðar ehf. (FFPD), Finnafjarðarhafnar slhf. (FF) og bremenports GmbH & Co. KG um framlengingu á einkarétti til kynningar á verkefninu til ársins 2060.

## Samstarfsrammi uppbyggingar

Samstarfsramminn milli þessara fjögurra samstarfsaðila samanstendur í dag af þremur félögum sem öll gegna ólíkum hlutverkum:

### FFPA - Finnafjord Port Authority


- 100% í eigu sveitarfélaganna.
- Fær lagalegt hlutverk sem hafnarstjórn.
- Ber ábyrgð á skipulagi, innviðatengingu og opinberri þjónustu.

### FFPD - Finnafjord Port Development

- Í eigu Bremenports, EFLU, Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps (sveitarfélögin samtals 8%).
- Leiðir m.a. markaðssetningu, fjárfestingaöflun, og hönnunarvinnu.

### FF - Finnafjarðarhöfn slhf.

- 100% í eigu sveitarfélaga.
- Annast rekstur hafnar við Finnafjörð.
- Gefur út sérleyfi til framkvæmda og rekstraraðila.



Mynd 2. Finafjarðarhöfn og nærliggjandi athafnasvæði samkvæmt deiliskipulagslýsingu sem unnin var af Eflu.

Félögin þrjú (FFPA, FFPD og FF) munu ekki ráðast í landakaup eða hafa milligöngu um lóðarleigusamninga fyrir verkefnið. Til skoðunar hefur verið að setja upp nýtt félag; í meirihlutaeigu íslenskra aðila en án aðkomu sveitarfélaganna. Verði slíkt félag að veruleika, og nái það samningum við landeigendur, þá mun skipulag verkefnisins taka einhverjum breytingum en ramminn þó í grundvallaratriðum sá sami.

Árið 2004 var 167 hektara iðnaðarsvæði afmarkað við Finafjörð og í núgildandi [aðalskipulagi](#) sveitarfélagsins er gert ráð fyrir stóru hafnarsvæði þar sem gæti tekið við fjölbreyttri starfsemi. Árið 2017 vann verkfræðistofan Efla nánari deiliskipulagslýsingu fyrir svæðið sem undirstrikar þessa framtíðarsýn og skigreindir með nákvæmari hætti landnotkun fyrir mismunandi tegundir starfsemi. Skipulagið gerir ráð fyrir stígandi uppbyggingu, þannig að þróun svæðisins geti tekið mið af áhuga fjárfesta og stefnu stjórnvalda hverju sinni.

### 3.2.1 Hlutverk stjórnvalda

Stjórnvöld gegna lykilhlutverki í mótun þeirra skilyrða sem nauðsynleg eru til að tryggja farsæla framþróun verkefnisins, enda ýmislegt sem þarf að koma saman ef árangur á að nást. Í fyrsta lagi **þarf að tryggja orku** til þeirrar atvinnustarfsemi sem byggist upp í Finnafirði og því þarf öfluga raforkuinnviði. Hluta þessarar orku er hægt að framleiða á svæðinu, með virkjun vindaflds, en slík verkefni verða þó ekki að veruleika nema með skýru regluverki, einföldum ferlum og skilvirkari leyfisumsóknum.

Stjórnvöld geta skapað ramma utan um uppbyggingu af þessari stærðar-gráðu með landsáætlunum, orkustefnu, umhverfislöggjöf og öðru regluverki sem tryggir faglega stjórnsýslu og gagnsæ ferli. Stjórnvöld bera einnig ábyrgð á að samræma hagsmuni ólíkra geira – orkumála, umhverfisverndar, samgönguinnviða, atvinnulífs og byggðapróunar – þannig að uppbygging á svæðinu verði hluti af heildstæðri stefnu fyrir landið.

Mikilvægt er að ferlar séu skýrir og fyrirsjáanlegir (s.s. vegna mats á umhverfisáhrifum) svo fjárfestar, sveitarfélagið og aðrir hagsmunaaðilar geti tekið upplýstar ákvarðanir. Þá geta stjórnvöld haft mikil áhrif á framgang verkefnisins með stuðningsaðgerðum, hvötum eða fjárfestingum í innviðum sem styðja við uppbygginguna; svo sem vegakerfi, hafnarmannvirkjum og raforkuflutningskerfi.

Stjórnvöld gegna einnig þýðingarmiklu hlutverki í upplýsingamiðlun og markaðssetningu Íslands. Þeirra þátttaka er því nauðsynleg til þess skapa það traust og stöðugleika sem er grundvöllur fyrir langtímafjárfestingar og nýja atvinnustarfsemi á borð við t.d. framleiðslu rafeldsneytis og landeldi.

### 3.2.2 Hlutverk sveitarfélags

Sveitarfélagið ber ábyrgð á skipulagsgerð, samráði við íbúa og ákvörðunum um landnotkun innan sveitarfélagsins. Hlutverk þess er að tryggja að uppbygging í Finnafirði sé í samræmi við gildandi aðalskipulag og deiliskipulag, og að þróunin styðji við markmið sveitarfélagsins um fjölbreytt og sjálfbært atvinnulíf. Þá gegnir sveitarfélagið hlutverki tengiliðar milli íbúa og framkvæmdaaðila. Sveitarfélagið þarf að tryggja að sjónarmið samfélagsins fái að heyrast og að framkvæmdir taki mið af aðstæðum og þörfum samfélagsins. Með faglegru stjórnsýslu og opinni umræðu getur sveitarfélagið stuðlað að því að uppbyggingin skili væntum ávinningi fyrir nærumhverfið og styrki búsetu og lífsgæði til framtíðar.

Árið 2024 samþykkti sveitarstjórn Langanesbyggðar stefnumörkun um uppbyggingu við Finnafirði þar sem fram kemur [framτίðarsýn sveitarfélagsins](#), sem og markmið og leiðir að þeim. Í stefnunni lýsir sveitarstjórn Langanesbyggðar yfir eindregnum vilja til að vinna áfram að framgangi Finnafirðarverkefnisins og tekur m.a. jákvætt í þær hugmyndir sem hafa verið uppi um uppbyggingu rafeldsneytisíðnaðar og landeldis í Finnafirði.

# Viljayfirlýsing sveitarstjórnar Langanesbyggðar 2024

Tekið úr stefnu sveitarstjórnar um uppbyggingu við Finna fjörð:

## A

### Sveitarstjórn

Langanesbyggðar lýsir yfir eindregnum vilja til að vinna áfram að framgangi Finna fjörðarverkefnisins sem meðeigandi að Þróunarfélagi Finna fjörðarhafnar ehf. Þar með talið þróun iðnaðar-og þjónustusvæðis í baklandi hafnar og þróun starfsemi þar sem hafnaraðstaða þarf að vera fyrir hendi.

## B

### Sveitarstjórn

Langanesbyggðar lýsir sig jákvæða gagnvart hugmyndum um uppbyggingu rafeldsneytisiðnaðar og landeldis í Finna fjörði.

## C

### Sveitarstjórn

Langanesbyggðar lýsir sig jákvæða gagnvart hugmyndum varðandi tilraunaverkefni sem myndi samstanda af 1-2 vindmyllum með samanlagt uppsett afl undir 10 MW. Slík uppbygging mun styrkja orkumál svæðisins. Gangi viðræður við landeigendur eftir mun sveitarstjórn Langanesbyggðar taka jákvætt í frekara samtal varðandi verkefnið.

## D

### Sveitarstjórn

Langanesbyggðar lýsir sig jafnframt jákvæða fyrir áframhaldandi vinnu við þróun vindorkukosta á svæðinu með það fyrir augum að framleiða hluta þeirrar raforku sem til þarf til að tryggja uppbyggingu á rafeldsneytisverksmiðju í skynsamlegum fösum.

### 3.2.3 Hlutverk fyrirtækja og fjárfesta

Fyrirtæki og fjárfestar gegna því hlutverki að hrinda verkefnum í framkvæmd. Þessir aðilar leggja til sérþekkingu, þeir fjármagna verkefni og bera áhættuna sem fylgir nýrri atvinnustarfsemi, hvort sem um er að ræða framleiðslu rafeldsneytis, landeldi, hafnarrekstur eða aðra atvinnustarfsemi. Fyrirtæki bera að sjálfsögðu ábyrgð á því að framkvæmdir og rekstur fari fram á ábyrgan hátt, í samræmi við lög, reglugerðir og umhverfisstaðla. Þau eiga einnig að axla ábyrgð á samfélagslegum og umhverfislegum áhrifum sínum.

Fjárfestar og atvinnurekendur gegna einnig mikilvægu hlutverki í að byggja upp þekkingu á svæðinu – með nýsköpun, þjálfun starfsmanna og samstarfi við skóla, rannsóknaraðila og samfélagið. Með því að móta atvinnustarfsemi sem er bæði arðbær og sjálfbær geta þessir aðilar lagt grunn að langtímaávinningi fyrir bæði sveitarfélagið og landið í heild.

## 3.3 Sjávarútvegur

Sjávarútvegur hefur mótað byggðamynstur Þórshafnar og Bakkafjarðar frá upphafi enda eru sjávarútvegsstörf enn í dag afar þýðingarmikil fyrir byggðafestu staðarins.

Þórshöfn er stærsta sjávarpláss Langanesbyggðar og **þjónustukjarni fyrir útgerð** á norðausturhorninu. Ísfélagið hf. starfrækir þar stærstu útgerð og fiskvinnslu sveitarfélagsins og er meðal stærstu sjávarútvegsfyrirtækja landsins, með umtalsverða aflahlutdeild á landsvísu.<sup>12</sup> Undanfarin ár hefur félagið ráðist í verulega uppbyggingu á Þórshöfn, m.a. með nýrri starfsmannaáðstöðu og frystigeymslu, og þannig styrkt rekstrargrundvöll og framtíðarstöðu atvinnugreinarinnar á svæðinu.

12. Árið 2007 eignast Ísfélag Vestmannaeyja öll hlutabréf í Hraðfrystistöð Þórshafnar hf. Árið 2008 reisir félagið 1.250 fm frystigeymsla við frystihúsið á Þórshöfn og tekur í notkun nýtt bryggjuhús fyrir löndun á uppsjávarfiski á Þórshöfn. Árið 2023 sameinast Ísfélag Vestmannaeyja og Rammi og nafni félagsins er breytt og heitir Ísfélag hf. Við sameininguna bættust við 3 bolfiskskip og frystitogar við skipastól félagsins (útgerðin gerir í dag út 10 skip). Sama ár er félagið skráð á aðalmarkað Kauphallarinnar á Íslandi.

Sjávarútvegur stendur þó frammi fyrir **fjölbreyttum og síbreytilegum áskorunum** sem kalla á seiglu og aðlögunarhæfni fyrirtækja. Þar má nefna sveiflur á alþjóðlegum mörkuðum, hertar kröfur í samkeppni, áhrif loftslagsbreytinga á göngumynstur fiskistofna og truflun í flutningum vegna alþjóðlegra áfalla, stríðsátaka eða lokana siglingaleiða.<sup>13</sup> Í slíku umhverfi verða öflugir innviðir á borð við hafnaraðstöðu, frystigeymslur og orkuöryggi enn mikilvægari. Ný frystigeymsla á Þórshöfn er gott dæmi um slíka innviðaupbyggingu; hún eykur sveigjanleika vinnslunnar og gerir fyrirtækinu betur kleift að bregðast hratt við óvæntum breytingum á mörkuðum og flutningsleiðum.

Bæði Þórshöfn og Bakkafjörður byggðust upp á **smábátaútgerð**, hefðbundnum veiðum og fiskvinnslu, enda nálægðin mikil við góð fiskimið í bolfiski og grásleppu. Sjávarútvegur í Langanesbyggð er enn í dag afar fjölbreyttur en skerðing á byggðatengdri kvótaúthlutun síðustu misseri ógnar þó rekstraröryggi margra útgerðarforma. Á fiskveiðiárinu 2024-2025 var almenni byggðakvóti Þórshafnar t.a.m. skertur verulega – úr 102 tonnum í 32 tonn, sem jafngildir um 70% lækkun og er langt umfram það sem reglugerð gerir ráð fyrir fyrir fámenn byggðarlög. Sama ár fór almennur byggðakvóti Bakkafjarðar úr 172 tonnum í 160 tonn.<sup>14</sup>

Áður en Bakkafjörður var tekinn inn í verkefnið Brothættar byggðir fékk ráðherraskipuð nefnd það hlutverk að fara yfir stöðu byggðarinnar, og áttu þar sæti fulltrúar fimm ráðherra. Nefndin setti fram fimm tillögur til úrbóta og var ein þeirra aukin úthlutun sértæks byggðakvóta til byggðarlagsins, sem er það aflamark sem Byggðastofnun hefur til úthlutunar. Á verkefnisstímanum gerði Byggðastofnun samninga um nýtingu samtals 400 ÞÍG tónna aflamarki árlega, en tvö fiskvinnslufyrirtæki á Bakkafirði skiptu aflamarkinu á milli sín. Á fiskveiðiárinu 2024/2025, þegar samningarnir runnu út, var heildarúthlutun hins vegar skert um 100 tonn, og einn samningur gerður um eftirstandandi aflamark.

13. Sjá m.a. í [Staða og horfur í íslenskum sjávarútvegi og fiskeldi](#), skýrsla Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins frá árinu 2021.

14. Nánari sundurliðun á úthlutun byggðakvóta til einstakra byggðalaga 2024-2025 [má sjá hér](#). Alls var ráðstafað 3.807 þorskgildistonnum sem er 1.022 færri tonn en á fiskveiðiárinu á undan, og nam samdrátturinn milli ára 21%.

## Svæðisskipting strandveiða

Heimildir til strandveiða skiptast á fjögur löndunarsvæði, sem eru:

- A. Eyja- og Miklaholtshreppur - Súðavíkurreppur
- B. Strandabyggð - Grýtubakkahreppur
- C. Þingeyjarsveit - Djúpivogur í Múlþingi
- D. Sveitarfélagið Hornafjörður - Borgarbyggð

Skipi á strandveiðum er einungis heimilt að landa afla innan síns löndunarsvæðis.

Frá því að strandveiðar hófust hafa þær verið stór hluti af heildarveiði smáútgerða í Langanesbyggð yfir sumarmánuðina. Í kjölfar breytinga á lagaumhverfi strandveiða á árunum 2018 og 2019, þegar svæðisskipting strandveiðipottarins var afnumin, skapaðist hins vegar töluverð umræða um ójafnræði milli landsvæða og byggða. Reynslan hafði sýnt að veiðin glæðist fyrst á svæði A, sem gat þar með fengið forskot á önnur svæði, þegar aðeins er um einn sameiginlegan pott að ræða. Á svæði C, sem Langanesbyggð tilheyrir, þá er besti tíminn til útróðra hins vegar oftast nær í júlí og ágúst - en þá gat potturinn verið uppurinn. Strandveiðisjómenn á Norðausturlandi brugðu því margir á það ráð að flytja útgerðir sínar til annarra landshluta, eins og sést hér í töflunni fyrir neðan. Slík fækkun getur að sjálfsögðu haft viðtækari áhrif fyrir lítil byggðarfélög.

Þess ber þó að geta að á þessu sama tímabili þá hefur hlutur Langanesbyggðar í strandveiðiaflanum ekki dregist saman heldur þvert á móti aukist.<sup>15</sup> Hér er þó ekki rýnt í verðmæti aflans hverju sinni, en gæði aflans geta verið mismunandi eftir því hvenær er sótt.

15. Gögn um fjölda skráðra báta og landaðan afla voru fengin af gagnasiðu Fiskistofu.

	2010-2017	2018-2025
<b>Fjöldi skráðra báta, svæði C</b>	149	116
<i>(ársmeðaltal)</i>		
<b>% af heildarflota</b>	<b>22%</b>	<b>16%</b>
<b>Strandveiðar, landanir, Langanesbyggð</b>	330	505
<i>(ársmeðaltal, óslægður þorskur, í tonnum)</i>		
<b>% af heildarlöndun</b>	<b>4,38%</b>	<b>4,80%</b>

*Tafla 7. Strandveiðar, samanburður á tveimur tímabilum.*

### 3.3.1 Hlutverk stjórnvalda

Hlutverk stjórnvalda í sjávarútvegi er fyrst og fremst að tryggja sjálfbæra nýtingu nytjastofna, fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi og samræmi milli efnahagslegra, umhverfislegra og samfélagslegra markmiða. Stjórnvöld bera jafnframt ábyrgð á því að móta og viðhalda byggðatengdum úrræðum innan kerfisins. Þar falla undir byggðakvótar, strandveiðar og önnur sértæk úrræði sem ætlað er að milda neikvæð byggðaráhrif samþjöppunar aflaheimilda. Í Auðlindinni okkar, skýrslu frá 2023, er sérstaklega fjallað um byggðakerfi sjávarútvegs og bent á að slík úrræði þurfi að vera markviss, gagnsæ og metin reglulega með tilliti til raunverulegra byggðafestuáhrifa.

Fyrir sveitarfélög eins og Langanesbyggð skiptir máli að stjórnvöld:

- Taki þátt í uppbyggingu hafna.
- Tryggi að byggðatengd úrræði taki mið af sérstöðu fámennra sjávarbyggða.
- Stuðli að stöðugleika í úthlutun byggðakvóta og strandveiða milli ára.
- Samræmi sjávarútvegsstefnu við aðrar opinberar stefnur, svo sem byggðaaætlan, orkuskipti og loftslagsmarkmið.

Auk þess gegna stjórnvöld lykilhlutverki í orkuskiptum í sjávarútvegi, með því að skapa hvata til rafvæðingar hafna, endurnýjunar skipaflotans og innleiðingar nýrrar tækni. Slíkar aðgerðir hafa bæði umhverfislegan ávinning og geta styrkt samkeppnisstöðu sjávarbyggða til framtíðar.

### 3.3.2 Hlutverk sveitarfélags

Sveitarfélagið gegnir mikilvægu hlutverki í að skapa skilyrði fyrir öflugum og fjölbreyttum sjávarútvegsstarfsemi, þótt það hafi ekki beina stjórn á fiskveiðistjórnunarkerfinu sjálfu. Meginhlutverk sveitarfélagsins felst í skipulagi, innviðapróun, hagsmunagæslu og tengingu atvinnulífs og samfélags.

Í Langanesbyggð er hafnaraðstaða lykilinnviður fyrir bæði stórútgærd og smábáta. Með markvissri uppbyggingu, viðhaldi og öryggisbótum í höfnum getur sveitarfélagið stutt við rekstrargrundvöll útgærdar og aukið aðdráttarafi svæðisins fyrir tengda starfsemi.

Sveitarfélagið gegnir einnig hlutverki málsvara gagnvart ríkinu þegar kemur að:

- Úthlutun byggðakvót.
- Framkvæmd strandveiða.
- Regluverki sem hefur ólík áhrif á stórar og smáar útgærdar.

Í Auðlindinni okkar er lögð áhersla á að sveitarfélög í sjávarbyggðum hafi raunverulegt hlutverk í umræðu um byggðakerfi og nýtingu veiðiheimilda, enda séu þau best til þess fallin að meta staðbundin áhrif ákvarðana. Að lokum getur sveitarfélagið stutt við nýliðun og fjölbreytni innan greinarinnar með skipulagi atvinnusvæða, stuðningi við stoðgreinar (t.d. þjónustu við smábáta) og tengingu við menntun og starfsþróun.

### 3.3.3 Hlutverk fyrirtækja og fjárfesta

Fyrirtæki og fjárfestar bera meginábyrgð á daglegum rekstri, fjárfestingum og nýsköpun í sjávarútvegi. Íslenskur sjávarútvegur hefur sýnt mikla aðlögunarhæfni með tæknivæðingu, betri nýtingu hráefnis og aukinni verðmætasköpun í vinnslu, þar sem sífellt stærri hluti verðmætanna skapast utan hefðbundinnar frumvinnslu.

Í samhengi Langanesbyggðar felst hlutverk fyrirtækja ekki aðeins í arðbærum rekstri heldur einnig í samfélagslegri ábyrgð. Sterk tengsl eru milli útgærdar, hafnarreksturs og sveitarfélags, og ákvarðanir fyrirtækja um fjárfestingar, vinnslufyrirkomulag og ráðningar hafa bein áhrif á byggðafestu og þjónustugetu samfélagsins.

Fyrirtæki geta styrkt stöðu sveitarfélagsins til lengri tíma með:

- Áframhaldandi fjárfestingum í vinnslu og gæðum.
- Nýtingu hliðarafurða og aukinni fullvinnslu.
- Þátttöku í orkuskiptum og lækkun kolefnisspors starfseminnar.

Í [Staða og horfur í íslenskum sjávarútvegi og fiskeldi](#) er sérstaklega bent á að framtíðarvöxtur greinarinnar muni síður byggjast á auknum afla, en frekar á auknum verðmætum á hvert kíló, nýjum afurðum og samþættingu við tækni- og þekkingargreinar. Slík þróun skapar tækifæri fyrir fjárfesta og fyrirtæki sem horfa til langtíma og geta jafnframt styrkt stoðir atvinnulífs í sjávarbyggðum á borð við Langanesbyggð.

### 3.4 Landbúnaður

Landbúnaður í Langanesbyggð og nágrenni byggist fyrst og fremst á sauðfjárrækt, með afmarkaðri hrossarækt, æðarrækt og smærri jarðræktarverkefnum, en nautgriparækt er lítil sem engin innan sveitarfélagsmarka.<sup>16</sup> Frá 2017 hefur orðið **verulegur samdráttur í sauðfjárbúskap** á svæðinu (um 26% fækkun fjár og 22% fækkun sauðfjáreigenda 2017-2023), sem endurspeglar veika afkomu og erfiða nýliðun. Ekki verður fram hjá því litið að landbúnaður í Langanesbyggð er að miklu leyti einhæfur, og viðkvæmur fyrir sveiflum og rekstrarlega brothættur. Engu að síður eru til staðar skýrir styrkleikar: mikið landrymi, víðáttumiklir beitahagar, bættir innviðir (þriggja fasa rafmagn, ljósleiðari) og sterk sauðfjárræktarmenning. Þessir styrkleikar geta skapað grunn fyrir markvissa hagræðingu, fjölbreyttari búgreinar og tengda virðisaukandi starfsemi, svo sem landbúnaðar- og náttúruferðamennsku.

[Landbúnaðarstefna](#) stjórnvalda til ársins 2040 og ný [aðgerðaáætlun](#) landbúnaðarstefnu (2024) leggja aukna áherslu á fæðuöryggi, sjálfbæra landnýtingu, hringrásarhagkerfi, loftslagsaðgerðir og fjölbreytni í framleiðslu. Þar eru m.a. áætlanir um aukna kornrækt, stafræn beitarskráningu, reglugerð um sjálfbæra landnýtingu og markvissar rannsóknir og ráðgjöf. Þessar áherslur ættu því að styðja við svæðisbundnar aðgerðir sem geta dregið úr kostnaði, bætt framleiðni og styrkt byggðafestu með skýrari regluverki og aðgengi að þekkingu.

Í heild má segja að tækifærið til styrkingar sé tvíþætt: (1) að treysta núverandi grunn með hagræðingu, betri aðstöðu og rekstrarráðgjöf; (2) að fjölga stöðum með tilteknum vaxtarsviðum – s.s. skóg- og skjólbeltarækt (m.a. í þágu beitar og kolefnisbindingar), holdanaut, garðyrkju þar sem skilyrði leyfa, og landbúnaðar-/náttúruferðamennsku á forsendum heimamanna. Þessu þarf að ná fram með raunsæju samstarfi ríkis, sveitarfélags og bændasamfélags.

## Dæmi um áherslur og aðgerðir sem styðja við landbúnað

- **Hagræðing og framleiðniaukning í sauðfjárrækt:** lægri sláturkostnaður, nýting stærðarhagkvæmni, uppfærsla aðstöðu og betri nýting vinnu, studd af rekstrarráðgjöf og afkomuvöktun.
- **Nýliðun og jarðamál:** markvissar leiðir til að auðvelda kynslóðaskipti og tryggja aðgengi að landi: skoða leiðir sveitarfélags til að virkja jarðir í eigu hins opinbera; skýr stefna um vernd góðs ræktunarlands.
- **Sjálfbær landnýting og stafrænar grunnstoðir:** innleiða reglugerð um sjálfbæra landnýtingu og stafræn beitarskráningarkerfi; nýta GróLind/landgæði í skipulagi.
- **Fjölbreyttari búgreinar:** meta svæðisbundna möguleika í kornrækt (sérstaklega við betri hitaskilyrði), holdanaut, skógrækt, æðarrækt með aukinni fullvinnslu, og landbúnaðarferðamennsku.

<sup>16</sup>. Kaffinn byggir meðal annars á skýrslu sem Egill Gautason vann fyrir Langanesbyggð og Norðurþing árið 2024, [SVÖT greining á landbúnaði í Langanesbyggð og Norðurþingi](#).

### 3.4.1 Hlutverk stjórnvalda

Stjórnvöld móta skýran ramma um landbúnað með stefnu til 2040 og tímabundnum fimm ára aðgerðaáætlunum. Það er mikilvægt að stefnan taki tillit til þeirra sérstöku áskorana sem svæðið stendur frammi fyrir og að ráðist sé í aðgerðir sem sannarlega mæta þörfum bændasamfélagsins á norðausturhorninu – og öðrum sambærilegum landbúnaðarsvæðum á Íslandi. Stjórnvöld þurfa einnig að samræma landbúnaðarstefnu við aðrar stoðir byggðar á svæðinu (orku, samgöngur, menntun) og styðja við menntun og endurmenntun bænda.

**Stuðningskerfi íslensks landbúnaðar** er mikilvægasta verkfæri stjórnvalda og þarf að samræmast langtímamarkmiðum um sjálfbærni, framleiðni, byggðafestu og jafnan markaðsaðgang. Í [skýrslu Landbúnaðarháskóla Íslands frá 2024](#), um landbúnaðarkerfið á Íslandi og íslenska stuðningskerfið, kemur fram að íslenska kerfið er mjög búgreinatengt, mjög framleiðslutengt og mjög takmarkað í beinum byggðastuðningi miðað við önnur norðlæg lönd sem Ísland ber sig saman við.

Í grófum dráttum má segja að íslenska stuðningskerfið henti best sterkum miðsvæðum – en hentar verr jaðarsvæðum með viðkvæman búskap. Stuðningur sem hvetur eingöngu til meiri framleiðslu gagnast illa þar sem: framleiðslukostnaður er hár; afurðaverð er lágt; aðgengi að mörkuðum er takmarkað. Aftur á móti myndi landbundinn, óframleiðslutengdur stuðningur hvetja til: beitar, landnýtingar, skógræktar, kolefnisbindingar, atvinnu sem byggir á landbúnaði (t.d. ferðaþjónustu). Allt þættir sem geta unnið með eflingu landbúnaðar í Langanesbyggð.

Stuðningskerfið þarf að styðja ekki aðeins framleiðslu heldur sjálfbæran búskap, búsetu og landnýtingu í dreifðum byggðum. Fyrir Langanesbyggð er þetta forsenda þess að landbúnaður verði áfram burðarstoð samfélagsins og hluti af fjölbreyttu atvinnulífi framtíðar.

## Stuðningskerfi íslensks landbúnaðar

Á Íslandi er stuðningskerfið enn að mestu mótað sem *framleiðslutæki, ekki byggðatæki*.

Þetta er sérstaklega skaðlegt fyrir Langanesbyggð þar sem:

- Landnýting fer fram á víðáttumiklum svæðum.
- Lítið er um innviði.
- Nýliðun er erfið.
- Atvinnuöguleikar utan búskans eru ef til vill litlir.

Gera þarf kerfið *sveigjanlegra og svæðisbundið* – þannig að það nýtist bæði stórum og smáum sveitum. T.d. með því að:

- Auka óframleiðslutengdan stuðning (landgreiðslur, landbætur, umhverfisverkefni).
- Auka byggða- og harðbýlissstuðning líkt og á Norðurlöndum.
- Tengja stuðning við fjölbreytni og nýliðun, ekki eingöngu fjölda gripa.
- Auka fjárfestingarstuðning og rekstrarstuðning á svæðum þar sem aðföng og þjónusta eru dýrari.

### 3.4.2 Hlutverk sveitarfélags

Sveitarfélagið fer, sem fyrr segir, með skipulagsvaldið og getur þannig bæði verndað gott ræktunarland og auðveldað nýtingu lands sem síður hentar til ræktunar (t.d. fyrir skjólbelti, skógrækt eða aðra landnýtingu í þágu búskapar). Sveitarfélagið getur stutt við nýliðun með skýrri stefnu um jarðamál (virkja jarðir í eigu hins opinbera þar sem við á) og mótað samráðsvettvang með bændum, landeigendum og hagsmunaaðilum um forgangsáðgerðir á svæðinu. Þá getur sveitarfélagið unnið markvisst með þar til bærum aðilum að fræðslu og ráðgjöf og boðið fram stuðning svo landbúnaðarferðaþjónusta fái að blómstra á forsendum heimamanna

### 3.4.3 Hlutverk fyrirtækja og fjárfesta


Bændur, félög og fjárfestar hrinda verkefnum í framkvæmd: uppfæra aðstöðu, bæta framleiðni, kanna nýjar búgreinar og virðisaukandi leiðir (t.d. fullvinnsla æðardúns, beint frá býli) og stofna/eða taka þátt í samvinnuverkefnum um hagræði í slátrun eða vinnslu. Á sama tíma þarf að innleiða sjálfbæra landnýtingu, og efla samstarf við rannsóknar og ráðgjafarstofnanir (LBHÍ, RML, Land og skógur, Mátís) um verkefni sem styrkja bæði arðsemi og sjálfbærni.

## 3.5 Ferðaþjónusta

Ferðaþjónusta er ein stærsta útflutningsgrein landsins og hefur heilt yfir haft jákvæða áhrif á byggðapróun síðustu ára. Norðausturhornið býr yfir mikilli sérstöðu þegar kemur að náttúru og sögu, og sóknarfærin eru til staðar. Landshornið er þó í dag fremur kalt ferðaþjónustsvæði, og árstíðarsveiflur miklar í gistinóttum talið. Ef við horfum á sveitarfélagið sérstaklega þá dreifðust t.a.m. um 92% gistinátta í Langanesbyggð árið 2024 á sumarmánuðina þrjá, júní, júlí og ágúst. Hlutdeild annarra mánuða var því aðeins rétt rúm 8%.<sup>17</sup>

17. Tölur Hagstofu Íslands; gistinætur á öllum tegundum gististaða.

Það er því ljóst að styrkja þarf greinina og landshornið ef fjölga á heilsársstörfum í ferðaþjónustu. Árið 2024 vann Markaðsstofa Norðurlands að því – í samstarfi við SSNE, Norðurþing og Langanesbyggð – að greina stöðu ferðaþjónustunnar í landshlutanum og gera tillögur að aðgerðum.<sup>18</sup> Meginniðurstaðan var sú að með samstilltu átaki getur ferðaþjónusta sannarlega orðið burðarstöð sjálfbærrar byggðapróunar á Langanesi og Norðausturhorninu öllu. Til þess að svo verði þarf þó að ráðast í markvissa innviðauppbýggingar, auka samstarf og samráð hagsmunaaðila og móta skýrari framtíðarsýn sem byggir á náttúrulega sérstöðu svæðisins. Þar má nefna fuglalíf, víðerni og ró sem kjarnastyrkleika svæðisins.



Tafla 8. Gistinætur í Langanesbyggð eftir mánuðum, árið 2024, á öllum tegundum gististaða.

18. Sjá [Norðurhjarasvæði - Stöðugreining og aðgerðaáætlun](#).

## Efling ferðaþjónustu á Norðausturhorninu

Í *Norðurhjarasvæði - Stöðugreining og aðgerðaáætlun* eru sett fram þrjú stefnumótandi markmið ásamt átta aðgerum:

### Uppbygging innviða

1. Samræming skiltamála og úttekt.
2. Kortlagning gönguleiða og útivistarsvæða.
3. Samstarf við uppbyggingu áfangastaða.

### Efling vörupróunar

1. Stuðningur við nýsköpun í ferðaþjónustu.
2. Efling landbúnaðartengdrar ferðaþjónustu.

### Markaðssókn

1. Kynningarátak / fjárfestar.
2. Aukinn sýnileiki og stafrænn stuðningur.
3. Markhópagreining.

Vorið 2020 fór Langanesbyggð þess á leit við umhverfis- og auðlinda-ráðuneytið að gerð yrði greining á mögulegum **friðlýsingarkostum á utanverðu Langanesi**.<sup>19</sup> Umhverfisstofnun, sem þá hélt utan um málaflokkinn, fékk þetta verkefni í hendurnar og birti niðurstöður sínar í skýrslu sem kom út það sama ár.<sup>20</sup> Úttekt Umhverfisstofnunar sýnir að svæðið uppfyllir öll skilyrði fyrir friðlýsingu og geymir bæði náttúru- og menningarverðmæti sem teljast einstök á landsvísu: mikilvæg fuglabjörg, víðerni, einstaka byggðasögu og menningarminjar, og áhrifamikið landslag.

19. Sveitarstjórn Langanesbyggðar hefur ítrekað vilja sinn í þessum efnum, sjá [ályktun sveitarstjórnar frá 14. desember 2023](#)

20. Sjá [Langanes - Úttekt á friðlýsingarkostum](#).

Þjóðgarður á svæðinu myndi byggja á þessum verðmætum og skapa grunn að sjálfbærri ferðaþjónustu.

Fyrir Langanesbyggð myndu tækifærin einkum felast í:

- Nýjum störfum í landvörslu, fræðslu, uppbyggingu og þjónustu.
- Stýrðri uppbyggingu á helstu áfangastöðum (Skoruvíkurbjarg, Fontur, Skálar).
- Aukinni markaðssetningu svæðisins, sem hluti af Arctic Coast Way og Norðausturhorninu.
- Eflingu menningararfs og auknum fræðslumöguleikum fyrir skóla og samfélag.

Fyrirmynd heimamanna er án efa Snæfellsjökulsþjóðgarður, enda afskaplega vel heppnað dæmi um svæðisbundinn þjóðgarð með tiltölulega litla yfirbyggingu – en sem hefur engu að síður haft mikil áhrif á þróun ferðaþjónustu á svæðinu. Snæfellsjökulsþjóðgarður var stofnaður árið 2001 og var fyrsti þjóðgarður Íslands sem náði niður að sjó. Hann spannar vestasta hluta Snæfellsness og hefur á síðustu árum orðið einn mikilvægasti náttúru- og ferðamannastaður landsins. Uppbyggingin hefur verið markviss og fagleg, og óumdeilt að þjóðgarðurinn hefur aukið sýnileika svæðisins gagnvart ferðamönnum. Þessi áhrif hafa verið vel rannsökuð; bæði bein áhrif og óbein, sem og staðbundin áhrif og víðtækari áhrif.<sup>21</sup>

Það er því óhætt að segja **náttúruvernd og ferðaþjónusta** geta, í sameiningu, skapað verulegan ávinning fyrir nærsamfélög. Þjóðgarður á utanverðu Langanesi er eitt áhugaverðasta tækifærið sem sveitarfélagið stendur frammi fyrir: hann gæti sameinað náttúruvernd og atvinnuþróun, styrkt byggð og aukið gæði og sérstöðu ferðaþjónustu almennt á Norðausturhorninu.

21. Sjá til að mynda mastersverkefni Jukka Siltanen, [Economic Impact of National Parks in Iceland: Case Study of Snæfellsjökull National Park](#) frá árinu 2017.

### 3.5.1 Hlutverk stjórnvalda

Stjórnvöld bera ábyrgð á heildarstefnumótun í ferðaþjónustu, náttúruvernd og uppbyggingu innviða. Stýring með verndar- og stjórnunaráætlunum, almennri stefnu um sjálfbæra uppbyggingu og markvissri verndun er grundvallarforsenda sjálfbærrar ferðaþjónustu.

Í gegnum Framkvæmdasjóð ferðamannastaða getur ríkið stutt við uppbyggingu á:

- Stígum, merkingum og bílastæðum.
- Salernisaðstöðu og móttökuöryggi.
- Fræðslu og aðgengi.

Á Norðausturhorninu hafa verið greind fjölmörg verkefni þar sem innviðaskortur takmarkar möguleika til vaxtar. Stjórnvöld og sveitarfélag þurfa því að koma saman og stuðla að markvissri uppbyggingu innviða.

Ríkið ber sömuleiðis ábyrgð á friðlýsingum og stýringu náttúrusvæða. Ef af verður af þjóðgarði á Langanesi myndi Náttúruverndaráætlun bera ábyrgð á verndaráætlun, vöktun, stýringu gestaflæðis og uppbyggingu aðstöðu á stöðum eins og Skoruvíkurbjargi og Fonti.

### 3.5.2 Hlutverk sveitarfélags

Sveitarfélagið er tengiliður millir fyrirtækja, landeigenda, Náttúruverndarstofnunar og annarra ríkisstofnana, og íbúa og félagasamtaka. Sveitarfélagið skilgreinir, í samvinnu við hagaðila, helstu ferðamannastaði. Sveitarfélagið skilgreinir jafnframt aðkomu að þessum stöðum, stíga, og verndarsvæði og þjónustusvæði. Þetta er gert m.a. með aðal- og deiliskipulagi. Í einhverjum tilvikum sér sveitarfélagið um sjálfa innviðina og ýmsa grunnþjónustu á áfangastöðum; s.s. stígagerð og

merkingar (í samstarfi við ríki), sorphirðu og almenningsaðstöðu, bílastæði og öryggismál. Sveitarfélagið getur einnig tekið þátt í markaðssetningu svæðisins og stutt við ferðþjónustufyrirtæki með upplýsingagjöf og annarri ráðgjöf.

### 3.5.3 Hlutverk fyrirtækja og fjárfesta

Ferðþjónustuaðilar spila mjög stórt hlutverk þegar kemur að því að skapa sjálfa upplifun ferðamanna. Þeir einir geta skapað sjálfbært og fjölbreytt framboð af gistingu og afþreyingu á svæðinu. Til þess að efla ferðaþjónustu í Langanesbyggð þá þurfa ferðþjónustuaðilar að leiða áframhaldandi vöruþróun og koma sérstöðu svæðisins á framfæri.

Fyrirtæki geta byggt á sterkum sérkennum Langanesbyggðar:

- Fuglalíf og fuglaskoðun.
- Víðerni, kyrrð og hæg ferðamennska.
- Ljósmyndaferðir.
- Menningar- og sögumiðlun (Skálar, stríðsminjar).
- Landbúnaðartengd ferðaþjónusta.

Samvinna við Markaðsstofu Norðurlands, SSNE og sveitarfélagið er eflaust lykilatriði ef tryggja á árangur. Samræmd markaðssetning fyrir Norðausturhornið sem „rólegt og ósnortið“ svæði getur aukið aðdráttarafl svæðisins, lengt dvöl gesta og dreift þeim um landshornið.

## 4. Innviðir - grunnstoðir mannlífs

Traustir innviðir eru forsenda byggðafestu, atvinnuuppbyggingar og samfélagslegrar seiglu í Langanesbyggð. Á fámennu jaðarsvæði hafa innviðir ekki aðeins áhrif á lífsgæði íbúa, heldur ráða þeir úrslitum um hvort stefnumarkandi verkefni á sviði atvinnu, orkuskipta og þjónustu geti orðið að veruleika.

### 4.1 Raforkuinnviðir

Raforkuinnviðir eru stærsti einstaki flöskuhálsinn í þróun Langanesbyggðar. Núverandi afhendingarkerfi setur bæði tæknilegar og efnahagslegar skorður við atvinnuuppbyggingu, orkuskipti og samfélagsþróun.

Þórshöfn er í dag tengd dreifikerfi RARIK með einni 33 kV tengingu frá Kópaskeri. Flutningsgeta kerfisins er metin um 6 MW og er þegar fullnýtt á álagstímum. Svæðið er ekki tengt beint við flutningskerfi Landsnets, sem hefur í för með sér:

- Skert afhendingaröryggi.
- Takmarkað svigrúm til rafvæðingar núverandi atvinnustarfsemi.
- Litla möguleika á nýrri orkufrekari atvinnu.

Þessi staða er ósamrýmanleg markmiðum stjórnvalda um orkuskipti, kolefnishlutleysi og jafna byggðapróun.

Í nóvember 2025 var stigið afgerandi skref í átt að lausn raforkumála á Norðausturlandi með undirritun samkomulags um aðgerðir til að auka afhendingargetu og afhendingaröryggi raforku. Samkomulagið markar tímamót eftir langvarandi óvissu um verkaskiptingu og ábyrgð í uppbyggingu raforkukerfisins.<sup>22</sup>



Mynd 3. Jóhann Páll Jóhannsson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, kynnti aðgerðir til að auka afhendingargetu og afhendingaröryggi raforku á Norðausturlandi. Mynd: Stjórnarráðið.

Samkomulagið felur í sér eftirfarandi meginþætti sem skipta Langanesbyggð beinum máli:

- **Lagning 33 kV jarðstrengs milli Vopnafjarðar og Þórshafnar**, á vegum RARIK, með það markmið að bæta afhendingaröryggi og leggja grunn að tvítengingu svæðisins. Stefnt er að spennusetningu strengsins árið 2028.
- **Stuðningur ríkisins við fjárfestingargetu Landsnets og RARIK** að fjárhæð samtals 2,2 milljarðar króna árið 2026, sem tryggir raunhæfan framkvæmdafarveg verkefnanna.

Jafnframt hefur Landsnet skuldbundið sig til að setja **132 kV flutningslínu að Langanesi** inn á kerfisáætlun sína sem langtímalausn til að tryggja fullnægjandi flutningsgetu og afhendingaröryggi, með stefnu að spennusetningu um miðjan næsta áratug.

Þessar aðgerðir fyrir munu bæta afhendingaröryggi raforku til Langanesbyggðar til skemmri tíma og skapa forsendur fyrir varanlegri lausn til lengri tíma.

22. Sjá nánar í [frétt Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins](#).

## 4.2 Húshitun

Húshitun er einn stærsti einstaki orkuliður heimila á köldum svæðum og hefur afgerandi áhrif á búsetuskilyrði, orkukerfi og samfélagslega seiglu. Bein rafhitun er tæknilega einföld lausn, en hún er jafnframt aflþung og orkunýtni hennar er lítil. Í Langanesbyggð eru um 220 heimili sem njóta niðurgreiðslu á húshitun, og er meðalraforkunotkun þeirra til húshitunar um 6,65 GWh á ári.

Þótt ríkisvaldið niðurgreiði hluta kostnaðar, breytir það ekki þeirri staðreynd að þetta fyrirkomulag:

- Skapar aukið álag á flutnings- og dreifikerfi raforku.
- Gerir svæðið viðkvæmara gagnvart truflunum.
- Takmarkar svigrúm til annarrar raforkunotkunar, s.s. atvinnu- uppbyggingar og orkuskipta.

**Varmadælur** eru almennt taldar hagkvæmasta og raunhæfasta lausnin til húshitunar á köldum svæðum þar sem hitaveita er ekki fyrir hendi. Með varmadælum er varmi sóttur úr umhverfinu - lofti, jarðvegi eða vatni - og raforkan sem knýr kerfið nýtist þannig mun betur. Í reynd felur þetta í sér að sömu hitunarpörf er mætt með mun færri kílóvattstundum og, sem ekki er síður mikilvægt, minni aflþörf á álagstímum.

Reynsla sveitarfélaga á rafhitunarsvæðum sýnir að með uppsetningu varmadæla má ná verulegum samdrætti í raforkunotkun til húshitunar, oft á bilinu 55-65%, að því gefnu að húsnæði sé í ásættanlegu ástandi hvað varðar einangrun og hitakerfi. Slíkur sparnaður hefur tvíþættan ávinning: annars vegar lægri rekstrarkostnað fyrir heimili og hins vegar aukið svigrúm í raforkukerfinu til annarrar notkunar.



Varmadælur henta bæði í þéttbýli og dreifbýli og má innleiða þær án þess að ráðast í umfangsmiklar innviðaframkvæmdir. Varmadæla er raunhæf, hagkvæm og skjótvirk lausn, en samt sem áður dýr fyrir einstaklinginn. Því er full ástæða til að kanna hvort ríki og sveitarfélag geti komið að sameiginlegu verkefni, til að ná kostnaði niður og til að tryggja sem mestan árangur og ávinning.

Þótt jarðhitaveita sé ekki til staðar í dag er jarðhitaleit áfram mikilvægur valkostur til lengri tíma lítið. Á köldum svæðum er þó almennt um lághitasvæði að ræða, þar sem áhætta og kostnaður við leit geta verið veruleg. Af þeim sökum er jarðhitaleit ein og sér sjaldnast fýsilegur kostur, en getur verið hluti af blandaðri nálgun, þar sem jarðhiti, ef hann finnst, er nýttur beint eða í tengslum við varmadælur.

**Miðlæg kerfi**, þar sem volgt vatn er nýtt á sameiginlega varmadælu og dreift til notenda, geta verið raunhæfur kostur í þéttari byggðarkjörnum eins og Þórshöfn. Slík lausn krefst þó frekari greiningar, bæði tæknilegrar og fjárhagslegrar, og hentar síður sem skammtímalausn.

Langanesbyggð hlaut nýverið styrk í tengslum við átakið Jarðhitinn jafnar leikinn. Í umsókninni er dregin saman fyrirbyggjandi þekking sem sýnir að:

- Svæðishitastigull í nágrenni Þórshafnar er almennt 50–60°C/km.
- Á afmörkuðum svæðum mælast 90–116°C/km, sem er yfir því sem almennt telst bakgrunnshiti.
- Við slíkar aðstæður gæti nýtanlegt jarðhitakerfi verið til staðar á 500–1000 m dýpi, að minnsta kosti fyrir þéttbýlið á Þórshöfn.

Af þessum sökum væri skipulögð jarðhitaleit réttlæt看leg og nauðsynleg til að kanna langtímamöguleika, einkum fyrir þéttbýlið á Þórshöfn.

### 4.3 Fjarskipti

Áreiðanleg fjarskipti eru grundvallarinnviður fyrir öryggi, þjónustu og atvinnustarfsemi. Á Norðausturlandi hafa veik fjarskipti haft áhrif á:

- Samgönguöryggi.
- Viðbragð neyðarþjónustu.
- Daglegt líf íbúa.

Fjarskiptasamband í Langanesbyggð hefur um árabil verið ófullnægjandi, einkum hvað varðar farsímasamband og neyðarfjarskipti á helstu samgönguæðum. Sérstaklega hefur Hófaskarð verið veikur hlekkur, þar sem samband hefur verið lítið sem ekkert, ekki síst að vetrarlagi. Þetta hefur haft bein áhrif á öryggi vegfarenda, viðbragðsgetu neyðarþjónustu og dagleg samskipti íbúa og fyrirtækja.

Á árinu 2024 var ráðist í markvissar aðgerðir til að bæta fjarskipti í sveitarfélaginu. Lagður var rafstrengur og ljósleiðari í Hófaskarði, sem skapaði forsendur fyrir uppsetningu nýs 4G farsímasendis. Með því batnaði farsímasamband verulega á um 14 km vegkafla, þar af á köflum sem áður höfðu haft tæpt eða ekkert samband. Þessar aðgerðir hafa aukið fjarskiptaöryggi á mikilvægum samgönguæðum til muna.

Samhliða þessum úrbótum hefur verið unnið að ljósleiðaravæðingu Þórshafnar. Með samningum við Tengir hf. og í tengslum við verkefnið Ísland ljóstengt 2024–2026 hefur ljósleiðari verið lagður í fjölda fasteigna og gert er ráð fyrir að verkinu ljúki árið 2025. Tengir hefur jafnframt skuldbundið sig til að efla farsímasamband með uppsetningu GSM sendistöðva innan sveitarfélagsins.

Þrátt fyrir verulegar framfarir eru enn eftir verkefni sem nauðsynlegt er að ljúka. Þar ber helst að nefna tengingu nýlagðra ljósleiðaraleggja við stofnstreng og uppsetningu TETRA-sendis fyrir Neyðarlínuna í Hófaskarði. Ljúki þeim verkefnum mun fjarskiptaöryggi, sérstaklega fyrir viðbragðsaðila og vegfarendur, styrkjast enn frekar.

### 4.4 Hafnir og flug

Innanlandsflug er mikilvæg samgönguleið fyrir íbúa sveitarfélagsins enda ekki um aðrar almenningssamgöngur að ræða til og frá Langanesbyggð. Innanlandsflug gerir íbúum kleift að sækja mikilvæga þjónustu til Akureyrar eða til Reykjavíkur með öruggum og skjótum hætti allt árið um kring. Í dag er flogið milli Akureyrar og Þórshafnar (með viðkomu á Vopnafirði) 5 sinnum í viku, og er það flug ríkisstyrkt. Vegagerðin hefur umsjón með öllum útboðum og samningum við flugfélög um ríkisstyrkt innanlandsflug.<sup>23</sup> Hugmyndir hafa komið upp hjá Vegagerðinni um flug Þórshöfn-Vopnafjörður-Reykjavík í stað Þórshöfn-Vopnafjörður-Akureyri. Langanesbyggð, Vopnafjarðarhreppur og SSNE settu því af stað könnun, í ársbyrjun 2024, til að átta sig á viðhorfi íbúa sveitarfélaganna til flugþjónustu á svæðinu. Ekki reyndist stuðningur fyrir breytingunni þá.

Hafnir eru grundvallarstoð í okkar samfélagi og efnahagslífi. Sé lítið til alls landsins þá eru hafnir helsta gátt vöruflutninga til og frá Íslandi, og þjóna undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar, sjávarútveginum. Þær eru því ómissandi drifkraftur í efnahagsþróun Íslands. Höfnin á Þórshöfn telst vera

23. Útboð var auglýst um flugið til Þórshafnar árið 2022 og var tilboði Norlandair ehf tekið í verkið. Samningstíminn var þrjú ár frá og með 13. apríl 2022 með möguleika á tveggja ára framlengingu.

meðalstór fiskhöfn á Íslandi. Þegar horft er til starfssviðs hafnarinnar, þ.e. hvaða atvinnu- og efnahagsstarfsemi hún þjónar helst, þá er sjávarútvegur vitaskuld langfyrirferðamestur. Helstu tegundir uppsjávarfisks mynda uppistöðuna í þeim afla sem er landað á Þórshöfn en á milli vertíða er þó bolfiskur einnig unninn, einkum þorskur. Ísfélagið hf. er sem fyrr segir kjölfestuútgærd bæjarfélagsins og stærsti einstaki hagsmunaaðilinn þegar kemur að uppbyggingu hafnarinnar.

## Efnahagslegt vægi hafnarinnar

**Aflaverðmæti Þórshafnar yfir fimm ára tímabil (2020-2024) var rétt tæplega 14 milljarðar íslenskra króna. Á þessu tímabili var aflaverðmætið mest árið 2022, eða sem nemur ríflega fjórum milljörðum króna.<sup>24</sup>**

Töluverðar sveiflur hafa verið í aflamagni Þórshafnar undanfarinn áratug, en mest var landað árið 2022. Sé horft til síðustu tíu ára í heild, frá 2016-2025, þá er Þórshöfn í tíunda sæti yfir stærstu löndunarhafnir landsins (allar tegundir, í tonnum).

Löndunarhafnir	Allar tegundir í tonnum - 2016-25
1. Neskaupsstaður	1.856.949
2. Vestmannaeyjar	1.487.597
3. Vopnafjörður	1.037.111
4. Eskifjörður	996.101
5. Reykjavík	750.566
6. Hornafjörður	527.887
7. Seyðisfjörður	466.021
8. Fáskrúðsfjörður	418.197
9. Grindavík	389.046
10. Þórshöfn	371.796

Tafla 9. Umfangsmestu löndunarhafnir landsins 2016-25


Löndunarhafnir	Allar tegundir í tonnum - 2025
1. Neskaupsstaður	179.807
2. Vestmannaeyjar	109.925
3. Eskifjörður	104.657
4. Vopnafjörður	95.228
5. Hornafjörður	70.144
6. Reykjavík	58.338
7. Þórshöfn	34.808
8. Fáskrúðsfjörður	33.931
9. Hafnarfjörður	32.264
10. Grindavík	32.025

Tafla 10. Umfangsmestu löndunarhafnir landsins 2025

24. Tölur Hagstofu Íslands. Gögnin náðu aðeins fram til 2024, en nýrri gögn voru ekki komin í grunninn.

Röðun hafnarinnar í samanburði við aðrar hafnir á Íslandi hefur almennt batnað á tímabilinu og samanburðurinn aldrei verið jafn jákvæður og árið 2025. Þessi þróun bendir til þess að samkeppnisstaða hafnarinnar sé að styrkjast, þrátt fyrir sveiflur í aflamagni.

Töluverðar sveiflur hafa verið í aflamagni Þórshafnar undanfarinn áratug, en mest var landað árið 2022. Sé horft til síðustu tíu ára í heild, frá 2016-2025, þá er Þórshöfn í tíunda sæti yfir stærstu löndunarhafnir landsins (allar tegundir, í tonnum).



Tafla 11. Umfang landana í Þórshöfn 2016-2025, ásamt samanburði (stigröðun)

Ráðist var í heildarendurskoðun á deiliskipulagi fyrir hafnarsvæðið á Þórshöfn, og [tillaga að nýju deiliskipulagi](#) gefin út og kynnt ásamt greinargerð og umhverfismatsskýrslu í maí 2024. Var það gert í framhaldi af ósk Ísfélagsins, til að mæta þeim þörfum sem félagið taldi sig þurfa til að sinna breyttum aðstæðum á markaði - með aukinni frystigetun og stærra athafnasvæði við höfnina.

Nýtt skipulag gerir ráð fyrir eftirfarandi framkvæmdum:

1. Stækkun athafnasvæðis innan hafnarinnar um 4200 m<sup>2</sup> með fyllingu úr efni sem kemur upp úr höfninni við dýpkun hennar.
2. Við stækkun athafnasvæðisins inni í höfninni myndast flái út í höfnina þar sem áður var aðstaða fyrir smábáta. Samkvæmt nýju deiliskipulagi er ætlunin að koma fyrir trébryggju við þennan fláa, í beinu framhaldi af nýrri aðkomu þar sem smábátar geta athafnað sig.
3. Ný aðkoma. Allt frá því að núverandi aðalskipulag, með síðari breytingum tók gildi árið 2007 hefur verið gert ráð fyrir nýrri og öruggari aðkomu að höfninni. Núverandi aðkoma er bæði erfið og hættuleg.
4. Lenging hafnargarðs (austur/vestur). Hér er átt við lengingu hafnargarðsins sem í samgönguáætlun er kallaður Austurgarður. Með lengingu hafnargarðsins fæst mun meira viðlegupláss og pláss til upp- og útskipunar frá höfninni.

Sveitarfélagið hefur nú þegar lagt til 74 milljónir til framkvæmda, að frádregnu framlagi Vegagerðarinnar til hafnarinnar þá hefur Ísfélag hf. fjárfest fyrir umtalsverða upphæð í nýjum frystiklefa, starfsmannaaðstöðu og fleiri þáttum sem snúa að rekstri þess og styrkja hafnsækna starfsemi á Þórshöfn. Frágangur svæðisins er þó eftir sem felur m.a. í sér betri aðstöðu fyrir aðra útgerð frá Þórshöfn.

Kostnaður við trébryggju er áætlaður um 240 milljónir króna, og kostnaður við nýja aðkomu frá Fjarðarvegi að trébryggju er áætlaður 31,6 milljónir króna. Sveitarstjórn Langanesbyggðar hefur því óskað eftir frekari framlögum frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, svo hægt sé að ljúka þessum framkvæmdum sem fyrst.

Sjá mynd á næstu blaðsíðu.



## 4.5 Húsnæðismál

Aðgengi að hentugu og hagkvæmu húsnæði er ein af grunnforsendum búsetu, mannfjöldaþróunar og atvinnuuppbyggingar í Langanesbyggð. Staða húsnæðismála hefur bein áhrif á getu sveitarfélagsins til að laða að nýja íbúa, tryggja starfsfólk í lykilþjónustu og styðja við áframhaldandi þróun atvinnulífsins.

Húsnæðismarkaður í Langanesbyggð er lítill og viðkvæmur, líkt og víða í fámennum sveitarfélögum. Allt frá 2010 hafði ekkert húsnæði verið byggt á Þórshöfn og neyðarástand var að skapast í húsnæðismálum, einkum hvað varðar leiguíbúðir. Takmarkað framboð íbúðarhúsnæðis, einkum af smærri og hagkvæmari einingum, getur skapað hindranir fyrir:

- Nýliðun íbúa.
- Ráðningar starfsfólks í opinbera þjónustu og atvinnulíf.
- Tímabundna búsetu vegna verkefna eða framkvæmda.

Uppbygging íbúðarhúsnæðis er því eitt af lykilverkefnum sveitarfélagsins, enda er ljóst að án virks húsnæðismarkaðar nýtast aðrar innviðaframkvæmdir ekki til fulls. Samkvæmt fyrirbyggjandi húsnæðisáætlun Langanesbyggðar kemur fram að þörf sé á að byggja að meðaltali sex íbúðir á ári næstu fimm árin, til þess að uppfylla áætlaða íbúðarþörf. Þá metur sveitarfélagið að núverandi framboð íbúða sé ekki nægt til þess að tryggja eðlilega framþróun sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið hefur á undanförunum misserum unnið markvisst að því að bæta skipulagsforsendur fyrir íbúðaruppbyggingu. Þar ber helst að nefna vinnu við nýtt deiliskipulag í suðurbæ Þórshafnar, þar sem gert er ráð fyrir:

- Nýjum byggingarreitum.
- Fjölbreyttari húsagerðum.
- Betri tengingu íbúðarbyggðar við þjónustu, hafnarsvæði og atvinnustarfsemi.



Mynd 5. Við árslok 2025 auglýsti Brák íbúðafélag íbúðir lausar til leigu á Þórshöfn.  
Mynd: Brák, íbúðarfélag.

Slík skipulagsvinna er forsenda þess að hægt sé að bregðast hratt við eftirspurn eftir húsnæði og styður jafnframt við markmið um þéttari og skilvirkari byggð.

Árið 2022 samþykkti Langanesbyggð einnig að fara í samstarfsverkefni með Bríet varðandi uppbyggingu leiguíbúða í sveitarfélaginu.<sup>25</sup> Verkefnið hefur svo sannarlega skilað tilætluðum árangri, en nýtt raðhús með fjórum íbúðum er nú risið á Þórshöfn. Að verkefninu stendur Brák íbúðafélag sem vinnur að því að fjölga hagkvæmum leiguíbúðum fyrir tekju- og eignaminni fjölskyldur.<sup>26</sup> Sveitarfélagið bindur vonir við áframhaldandi samstarf við félagið, þar sem tilbúin er lóð við sömu götu og núverandi raðhús standa. Núverandi verkefni var fjármagnað með stofnframlagi frá ríki og sveitarfélagi ásamt sérstöku byggðaframlagi.<sup>27</sup> Sveitarfélagið hefur einnig komið til móts við Brák og einkafyrirtæki með því að afhenda lóðir án endurgjalds. Þeir sem byggja greiða því aðeins byggingaleyfisgjöld og tengigjöld vegna byggingar íbúða.

25. Leigufélagið Bríet er sjálfstætt starfandi leigufélag í eigu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og nokkurra sveitarfélaga. Bríet er rekið án hagnaðarsjónarmiða og leggur sérstaka áherslu á uppbyggingu og að auka aðgengi að leiguíbúðum á þar sem þörf er á.


26. Sveitarfélagið er eitt af stofnsveitarfélögum Brákar hses.

27. Verkefnið er hluti af [Tryggð byggð – samstarfsvettvangi um húsnæðisuppbyggingu á landsbyggðinni](#).

## 5. Lokaorð

Langanesbyggð stendur á tímamótum. Áskoranirnar eru raunverulegar, en tækifærin eru það einnig. Skilyrðin eru fyrir hendi fyrir framtíðarvöxt atvinnulífs í Langanesbyggð - og á Norðausturhorninu öllu - en þá þurfa orkuiðnaður, sjávarútvegur, landbúnaður, ferðaþjónusta og markviss uppbygging nýrra atvinnutækifæra að styðja hvert annað. Árangur er ekki bundinn einni atvinnugrein eða einu verkefni. Með markvissri innviðaupbyggingu, traustu samstarfi og langtímahugsun er unnt að skapa forsendur fyrir aukna byggðafestu, fjölgun starfa og bætt lífsgæði.

Á næstu árum skiptir mestu að horfa á Langanesbyggð ekki sem jaðarsvæði með varanlegum takmörkunum, heldur sem svæði með skýra möguleika - að því gefnu að allar grunnforsendur séu tryggðar og ákvarðanir teknar í tíma.





SSNE